**Pabbi minn**

Í dag lögðum við jarðneskar leifar þínar í kistu, umbúðir, sem fylgja þér á hinsta hvílustaðinn. Pabbi minn. Þökk fyrir allt og allt. Við 90 ár lifði hann, fæddist 13. september 1849. Dáinn 9. maí 1939.

Að mörgu leiti væri ástæða til að skrifa hér langt mál, en það verða aðeins helstu atriði, sem getið verður.

Hann var fæddur að Jórvík í Sandvíkurhreppi elstur af stórum barnahóp fátækra foreldra. Flutti síðar að Oddagörðum með föður sínum og tók þar við búi 1879 er hann giftist móður minni, Ingibjörgu Grímsdóttur frá Gljákoti. Að Holti fluttust þau 1889 og bjuggu hér þar til að ég tók við af þeim 1921. Hann stundaði jöfnum höndum búskap og sjóróðra á vetrum. 13 ára gamall fór hann fyrst til sjávar og mun hafa stundað sjóróðra óslitið til 75 ára aldurs. Formaður er mér sagt að hann hafi verið í 30 ár og farnast það vel.

Starfsmaður við Lefolisverslun var hann lengi, á vorlestum. Hann var aldrei í skóla, frekar en aðrir alþýðumenn á þeim tíma. En þó voru honum falin ýmis trúnaðarstörf og naut trausts og vináttu allra er til þekktu.

Þegar Stokkseyrarhreppi, hinum forna var skift, árið 1897, var hann kjörinn oddviti hér í hreppi og gengdi því starfi til 1915 (?) að hann baðst undan endurkosningu. En þekktastur var hann bóndinn, Jón í Holti.

Ef gefa ætti af honum örstutta lýsingu eða segja hvað hafi einkennt hann helst, þá held ég að það væri: traust á guði, trúmennska í starfi og hógværð.

11.05.1939